

er. Hafi drengur næman sjúkdóm, skal gætt ýtrustu varúðarráðstafana í því skyni **88**
að aðrir vistmenn smitist eigi. 25. júlí

14. gr.

Vistheimilið skal jafnan hafa búrekstur, garðrækt, grasrækt og búfénað, svo og sjóróðra að vor- og sumarlagi. Skal stefnt að því að fullnægja þörfum heimilisins um matjurtir og aðrar landbúnaðarvörur. Þá skal framleidd söluvara eftir því sem aðstæður leyfa.

Stefna skal að því að koma upp léttum iðnaði eða handiðum, svo að drengirnir geti stundað innivinnu á veturna.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 29/1947, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. júlí 1958.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius

AUGLÝSING

89

31. jan.

um framlengingu ökukennararéttinda.

Með skírskotun til þess, að í gildi eru komin ný umferðarlög og að í undirbúningi eru nýjar reglugerðir samkvæmt þeim, framlengjast hér með til 31. desember 1958 löggildingar til ökukennslu, skv. 1. mgr. og 3. mgr. 21. gr. áður gildandi bifreiðalaga, sbr. 31. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. enn fremur reglugerð nr. 178. 13. des. 1948, um kennslu og próf bifreiðarstjóra og auglýsing nr. 89 20. maí 1957.

Í dómsmálaráðuneytinu, 31. janúar 1958.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

90

5. júlí

um eftirlitsgjald af fóðurlöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. október 1947, um eftirlitsgjald af fóðurlöndum, skuli gilda óbreytt árið 1958.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.